

Reglur um útivistartíma barna

Um útivistartíma barna í Fjarðabyggð fer eftir 92. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 en þar segir:

„Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22.00, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþróttá- eða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir. Aldursmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag.“

Reglur um útivistartíma segja til um hvað börn mega vera lengi úti en ekki hvað þau eiga að vera lengi úti. Foreldrar geta sett sínar eigin reglur innan ramma útivistarreglna.

Reglur barnaverndarlaga um útivistartímamann gilda ekki fyrir þá unglunga sem verða 16 ára á árinu. Lög kveða því ekki á um útivistartíma 16 ára unglunga. Þar sem foreldrar fara með forsjá barna og bera ábyrgð á þeim til 18 ára aldurs er það í þeirra höndum að ákveða útivistartíma barna á aldrinum 16–18 ára. Eðlilegt er að foreldrar setji reglur um útivist 16 ára barns í samráði við barnið og þurfa reglurnar að vera sveigjanlegar, sanngjarnar og skiljanlegar barninu.

Fjarðabyggð 7. september 2018


Karl Óttar Pétursson
bæjarstjóri



Samþykkt í félagsmálanefnd 28. ágúst 2018

Samþykkt í bæjarráði 3. september 2018

Samþykkt í bæjarstjórn 6. september 2018